



HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ársskýrsla

Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands

2017

12. apríl 2018

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Almennar upplýsingar.....	2
Stjórn Heilbrigðisvísindabókasafns.....	3
Fjármál.....	3
Áskriftir og innkaup.....	3
Kennsla.....	5
Innlent samstarf.....	5
Erlent samstarf.....	6
Starfsmannamál.....	6
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður.....	7
Viðaukar.....	8

Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Sumarið 2016 flutti starfsemin að Rauðarárstíg 10 vegna mikilla rakaskemmda og myglu í húsnæði safnsins í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan bókasafnsþjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns, annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabil í Eirbergi (Hjúkrunarskólanum), rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi ársins 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar loks var undirritaður formlegur samningur á milli rektors Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildir til ársloka 2018.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er nú til húsa að Rauðarárstíg 10, annarri hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450. Netfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins heitir [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Twitter reikningurinn er [Heilbrigðisvísindabokasafn LSH og HÍ](#)

Stjórn Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirmaður Vísindadeildar LSH og Anna Sigríður Guðnadóttir, starfsmaður safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Stjórnin fundaði einu sinni á árinu, þann 31. mars 2017. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 5 í skýrslu þessari.

Fjármál

Á árinu 2017 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins um 104,6 milljónir króna. Þar af nam kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna 101,4 milljónum króna. Það eru mjög svipaðar tölur og árið 2016. Gengi krónunnar var áfram sterkt á árinu 2017 og koma því árlegar hækkanir útgefenda í erlendri mynt ekki fram af fullum þunga í íslensku upphæðinni. Einnig spila hér inn í breytt áskrift að Scopus og breytingar í verðlagningu hjá BMJ svo dæmi séu nefnd.

Launakostnaður á árinu nam um 43,5 milljónum sem er talsverð lækkun frá fyrra ári. Sjá skýringar í kaflanum Starfsmannamál.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um langt árabíl gert samninga við stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Á árinu 2017 voru gerðir tíu slíkir samningar sem eru tveimur fleiri en árið 2016. Flestar stofnanir fækka þó þeim starfsmönnum sem samið er fyrir svo upphæðin sem greidd er til safnsins fer enn lækkandi. Greiðslur vegna þjónustusamninga námu 2.908.562 krónum á árinu.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Áskriftir bókasafnsins að gagnagrunnum voru óbreyttar og hefur safnið ekki tekið nýjan gagnagrunn á áskrift síðan í ársbyrjun 2015. Eins og fram kom í árskýrslu 2016 varð sú breyting í upphafi árs 2017 að gagnagrunnurinn Scopus fluttist yfir í s.k. Landsaðgang og greiðir bókasafnið fyrir aðgang að honum í gegnum aðild sína að Landsaðgangi frá og með 2017. Notkunartölur er að finna í viðauka.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Bókasafnið á eða hefur í áskrift u.þ.b. 420 rafbækur Á árinu skapaðist tækifæri til að bæta við sex nýjum titlum og kaupa nýjar útgáfur nokkurra til viðbótar. Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá er stærsti hluti rafbókanna í eigu safnsins orðinn æði gamall og brýn nauðsyn orðin að endurnýja og grisja safnkostinn. Í niðurskurðinum eftir Hrun hætti safnið að endurnýja áskriftir að bókapakkanum í OVID sem

geymir lang flestar rafbækur safnsins og voru þá nýjustu útgáfurnar frá 2007. Á árinu 2017 fengust fjármunir til að endurnýja 14 titla úr OVID pakkanum og voru valdir titlar sem höfðu komið út í nýjum útgáfum frá og með árinu 2015. Lista yfir nýja titla og nýjar útgáfur er að finna í viðauka. Notkunartölur er að finna í viðauka.

Rafbækur má nálgast á þessari slóð: <http://bokasafn.lsh.is/thjonustur/upplýsingabrunnur-bokasafnsins/?type=4>
Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir
https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US

Bækur, prentaðar

Á árinu 2017 voru keyptar 11 prentaðar bækur. Listi yfir þær fylgir í viðauka.

Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2017 var um 650 titlar en allar áskriftirnar eru rafrænar. Tímaritum í LWW áskriftarpakkanum frá OVID fækkaði um 10 á milli áranna 2016-2017. Í áskrift safnsins að PsycArticles eru greinar úr um 110 tímaritum APA aðgengilegar. Greinarnar eru um 200.000 allt frá 1894 og fram á þennan dag. Engum tímaritum var sagt upp á árinu en 11 nýir tímaritatitlar voru teknir í áskrift. Lista yfir þá má sjá í viðauka. Á hverju ári er alltaf eitthvað um að tímarit flytjist á milli útgefenda.

Til viðbótar við ofangreindar áskriftir er safnið með tímarit í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi. Þá gerist það einnig að tímarit færast inn í eða eru tekin út úr Landsaðgangssamningum og þarf að fylgjast mjög náið með því.

Eins og undanfarin ár voru talsverðar verðhækkanir í áskriftartilboðum á milli ára og tóku samningaviðræður mikinn tíma. Í lang-flestum tilfellum tókst að fá lægri verðtilboð. Vegna sterkrar stöðu krónunnar koma verðhækkanir í erlendri mynt ekki að fullu fram í íslenskum krónum talið. Safnið nýtir sér þjónustu birgja, LM Information Delivery A/S, til að sjá um áskriftir að stökum titlum hjá einstökum útgefendum. Safnið sér þó sjálft um nokkurn fjölda beinna samninga um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Wiley og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við um 20 útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang og OA tímaritum sem skráð eru í DOAJ.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindasafnsins árið 2017 var um 22,5 milljónir króna en inni í þeirri upphæð er nú Scopus áskriftin.

Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna.

Kennsla

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda reglulega námskeið og kynningar fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Námskeiðin fyrir háskólanemana eru oftast hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor. Auk skipulagðrar kennslu sækja nemendur og starfsfólk frekari leiðsögn og aðstoð til bókasafnsfræðinga á safninu. Hvorki fjöldi aðila sem þannig leita aðstoðar á safninu né tímalengd leiðsagnar eða kennslu hefur verið skráð. Margir viðskiptavina safnsins eru hvoru tveggja í senn, starfsmenn og nemendur í æðra námi á heilbrigðisvísindasviði HÍ.

Námskeið fyrir starfsfólk LSH voru 15 á árinu og sóttu þau 68 starfsmenn sem er talsverð fækkun frá fyrra ári.

Alls voru kenndar 123 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2017. Fjöldi háskólanema á námskeiðunum árið 2017 var 768. Kennslustundafjöldinn er sá sami og í fyrra en nemendur um 50 færri en fyrra ár.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Innlent samstarf

Heilbrigðisvísindabókasafnið er þátttakandi í ýmsu innlendu samstarfi. Ber þar hæst samstarfið um Landsaðgang að rafrænum gögnum en bókasafnið hefur tekið virkan þátt í því verkefni frá upphafi og stjórnandi þess setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá byrjun. Þá tekur safnið þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu. Anna Sigríður Guðnadóttir sinnir þessum verkefnum fyrir hönd safnsins. Á vegum fyrrgreinds samstarfs er starfandi hópur sem fjallar um upplýsingalæsi sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

Á árinu 2017 var lögð áhersla á að efla samstarf við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Fundað var með sviðsstjóra þjónustu- og miðlunar hjá Lbs-Hbs um mögulega fleti nánara samstarfs. Ákveðið var að starfsfólk

Heilbrigðisvísindabókasafnsins myndi taka þátt í Vísindavöku HÍ sem haldin verður í mars 2018. Þá var rætt um að útbúa sérstakt námskeið/kynningu fyrir sálfræðinema sem starfsfólk beggja safna kæmi að. Áætlað var að bjóða slíkt námskeið fyrir áramót 2017/2018 en þar sem nýtt starfsfólk var að taka til starfa á báðum söfnum um haustið var því frestað fram á 2018. Fleiri atriði hafa verið rædd, s.s. samstarf varðandi verkefni sem snerta opinn aðgang, CRIS kerfi og hugsanlegt samstarf um sameiginlegt kynningarefni allra Háskólabókasafna HÍ um þjónustu og námskeið sem eru í boði. Væntir Heilbrigðisvísindabókasafnið þess að þetta samstarf við Lbs-Hbs eflist.

Erlent samstarf

Starfsfólk bókasafnsins tók á móti pólskum kollega, Karolina Szlachcic, í þriggja daga vinnudvöl í júnímánuði á vegum Erasmus+ styrkjaáætlunar ESB. Karolina starfar á Biblioteki Medycznej við Uniwersytet Jagiellonski í Krakow sem er elsti háskóli í Póllandi, stofnaður árið 1364.

Bókasafnið hélt áfram þátttöku í Evrópuverkefninu OpenAIRE2020 sem ásamt Pasteur4OA hefur verið lýst í fyrri ársskýrslum. Í árslok 2017 lauk þeim hluta verkefnisins sem staðið hafði frá 2015 og í ársbyrjun 2018 hefst nýr hluti, OpenAIRE Advance. Fulltrúi Landspítala er einn af 50 fulltrúum frá ESB og EES löndum sem taka þátt í verkefninu. Í hverju landi er s.k. NOAD, National Open Access Desk, og verkefni þeirra er að sinna upplýsingamiðlun og fræðslu fyrir vísindasamfélagið í sínu landi og vinna að því að allar útgefnar vísindagreinar sem notið hafa styrks frá ESB/ERC séu birtar í opnum aðgangi eða lokahandrit vistað í viðurkenndu varðveislusafni. Fundir og vinnustofur eru nokkrar árlega sem og mánaðarlegir Skype fundir með norrænum kollegum. Anna Sigríður Guðnadóttir tók við þessu verkefni við starfslok Sólveigar Þorsteinsdóttur.

Nánari upplýsingar um ofangreind verkefni er að finna hér:

<https://www.openaire.eu/project-factsheets>

<https://www.openaire.eu/advance>

<http://www.pasteur4oa.eu/project#.VtV0-PmLTcs>

Starfsmannamál

Í upphafi árs 2017 voru starfsmenn safnsins fimm talsins í 4,8 stöðugildum en stærsta hluta ársins voru þeir fjórir í 3,8 til 4 stöðugildum. Einn var í veikindaleyfi frá ársbyrjun fram á haustmánuði.

Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu eftir langt og gifturíkt starf. Sólveig Þorsteinsdóttir fyrrum forstöðumaður safnsins lét af störfum í febrúar og Fanney Kristbjarnardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur á haustmánuðum. Einn nýr starfsmaður var ráðinn til starfa í október 2017, Inga Ágústsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur. Í árslok voru stöðugildin á safninu 4 talsins og hefur fækkað um 0,8 frá 2016.

Í árslok 2017 voru bókasafns- og upplýsingafræðingar sem störfuðu á safninu þrír og einn bókmenntafræðingur. Starfsmennirnir eru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Bókasafnið er til húsa að Rauðarárstíg 10, 2. hæð og flutti þangað úr Eirbergi um mitt sumar 2016 af ástæðum sem tíundaðar hafa verið í fyrri ársskýrslum.

Afgreiðslutölva safnsins sem og tölvur starfsmanna voru endurnýjaðar á árinu enda flestar orðnar yfir 6 ára gamlar.

Undir árslok 2016 var lokið við að útbúa litla kennslustofu og hefur notkun hennar farið vaxandi sérstaklega frá hausti 2017. Í þeirri stofu eru einnig lesbásar sem nemendur geta fengið afnot af um lengri eða skemmri tíma. Þráðlaust net LSH var sett upp á Rauðarárstíg sem virkar mjög vel og HÍ nemendur geta notað Eduroam. Ekki hefur verið sett upp tölva í fundarherbergi heldur notar starfsfólk fartölvur sínar þegar svo ber undir.

Eins og fram kom í ársskýrslu 2016 tafðist vinna við að innleiðingu SFX hugbúnaðarins sem er svo kallað krækjuckerfi sem þjónar sem tengibúnaður við tímarit og eftir atvikum önnur gögn. Vinnan lá að mestu niðri frá vori 2016 og var tekin upp að nýju í nóvember 2017 og gekk þá vel. Þetta kerfi leysir af hólmi gamla tímaritalista bókasafnsins sem haldið var utan um í gömlu Lotuskerfi sem löngu var komið að fótum fram. Nýi tímaritalistinn er aðgengilegur hér:

<http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>

Í listanum er hægt að nálgast séráskriftir safnsins, tímarit í landsaðgangi og tímarit í opnum aðgangi skv. Directory of Open Access Journals.

Eitt af verkefnum ársins 2018 verður að skipta gamla krækjuckerfinur¹, OVID LinkSolver, út úr ýmsum gagnasöfnum og tengja við SFX. Er fyrirsjáanlegt að talsverð vinna verður við kerfið á árinu 2018 til að sníða það betur að þörfum safnsins.

Enn er notast við gamla heimasíðaða Upplýsingakerfið í Lotus Notes sem hrynur með reglulegu millibili. Beiðnakerfið heldur utan um upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega. Brýnt er orðið að skoða hvort ekki finnist betri lausn á utanaumhaldi beiðna og rukki. Þá er enn ótalinn netþjónninn Lerki sem settur var upp á svipuðum tíma og Upplýsingakerfið, þ.e. um aldamót. Lerkið stýrir aðgangi starfsfólks og annarra viðskiptavina að gögnum safnsins þegar þeir eru staddir utan skráðra IP svæða. Aðgangskerfi Lerkis er barn síns tíma og á árinu 2018 er brýnt að hefja markvissa skoðun á aðgagnstýringarkerfum sem taka mætti upp í stað Lerkis.

Bókasafnið hefur haldið úti Facebooksíðu um árabil til að vekja athygli á starfseminni og auglýsa nýjungar og nýtt safnefni. Twitterreikningur var stofnaður undir árslok 2017.

¹ Hugbúnaður sem t.d. tengir tímaritaáskriftir við færslur í gagnasöfnum

Viðaukar

Rafbækur, tímarit og bækur 2017

Nýjar rafbækur:

1. Cancer Basics. Ed. Julia Eggert et al.
2. Palliative Nursing: Across the spectrum of Care. Ed. Elaine Stevens et al.
3. Drug Administration via Enteral Feeding Tubes (Medicines Complete)
4. Injectable Drugs Guide (Medicines Complete)
5. Kucer's the Use of Antibiotics (Medicines Complete)
6. Pediatric Injectable Drugs (Medicines Complete)

Nýjar útgáfur rafbóka hjá OVID:

Diseases of the Breast	Útg. 5
Drugs in Pregnancy and Lactation: A Reference Guide to Fetal and Neonatal Risk	Útg.. 11
Kaplan & Sadock's Comprehensive Textbook of Psychiatry	Útg. 10
Massachusetts General Hospital: Handbook of Pain Management	Útg. 3
Moss & Adams' Heart Disease in Infants, Children, and Adolescents, Including the Fetus and Young Adult	Útg. 9
Merritt's Neurology	Útg. 13
Nursing Diagnosis: Application to Clinical Practice	Útg. 15
Principles and Practice of Gynecologic Oncology	Útg. 7
Principles and Practice of Pediatric Oncology	Útg. 7
Psychiatric Interview, The	Útg. 4
Samuel's Manual of Neurologic Therapeutics	Útg. 9
Sauer's Manual of Skin Diseases	Útg. 11
Washington Manual of Surgery, The	Útg. 7
Wills Eye Manual, The: Office and Emergency Room Diagnosis and Treatment of Eye Disease	Útg. 7

Nýjar tímaritaáskriftir 2017

1. British Journal of Community Nursing
2. Infection Control and Hospital Epidemiology
3. International Journal of Art Therapy
4. Journal of the American Art Therapy Association
5. Scandinavian Journal of Occupational Therapy
6. Lancet Diabetes & Endocrinology
7. Lancet Haematology
8. Lancet HIV
9. Lancet Psychiatry
10. Lancet Respiratory Medicine
11. Thyroid Journal Program (inniheldur Thyroid, Clinical Thyroidology og VideoEndocrinology)

Prentaðar bækur keyptar 2017

1. Assembling the Pieces of a Systematic Review: A Guide for Librarians/Foster M J (2017)
2. Being Mortal : Medicine and What Matters in the End/Gawande A (2015)
3. Cancer, Intimacy and Sexuality: A Practical Approach/Reisman Y (2017)
4. Cancer nursing: principles and practice/Yarbro, Connie Henke (2016)
5. Investigator Initiated Trials (IITs) Simplified: A Practical Guide for Clinical Trial Investigators to Conduct IITs/George, Dr T C (2016)
6. Kozier & Erb's Fundamentals of Nursing/Berman A (2015)
7. Mayes' Midwifery: a textbook for midwives/Macdonald, S (2017)
8. Nursing History for Contemporary Role Development/Lewenson S.B. (2017)
9. Research Methods in Psychology/Shaghnessy, J (2014)
10. Social Theory and Nursing/ Ed.: Lipscomb M. (2017)
11. Student's Guide to Cognitive Neuroscience/(2015) Ward, J

Starfsemisupplýsingar

Lykiltölur	2017	2016
Afgreiddar greinar úr safnkosti LSH:		
Til starfsmanna o.fl.	312	433
Til bókasafna - innlendra og erlendra	26	77
Samtals	338	510
Aðfengnar greinar, bækur o.fl. frá öðrum söfnum	391	340
Fjöldi útlána á safnefni	37	222
Fjöldi keyptra prentaðra bóka	11	7
Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH	15	12
Fjöldi þátttakenda í námskeiðum og kynningum innan LSH	68	128
Kennslutímar fyrir Heilbrigðisvísindasvið HÍ	123	124
Fjöldi nema í HÍ kennslutímum	768	813
Hirsla fjöldi greina í árslok	6.285	5.965
Lerki heimsóknir	22.161	47.735

Gagnasöfn - notkun	2017	2016
BMJ Best Practice (visits)	1.802	1.137
BMJ Clinical Evidence (leitir)	316	178
Cinahl (Ebscohost) (leitir)	11.256	16.077
EBM Reviews (leitir)	8.763	8.956
Global Health (leitir)	845	1.037
Joanna Briggs (leitir)	2.148	2.783
Natural Medicines (Page Views)	2.128	11.202
Ovid Medline (leitir)	3.224	4.919
PsycBooks (leitir)	853	1.048
PsycInfo (leitir)	1.364	1.854
Scopus (leitir)	8.885	5.762
UpToDate - (Topic Reviews)	93.690	77.954
Micromedex	26.043	xxx
xxx Notkunartölur Micromedex 2016 ófáanlegar		
Samtals:	161.317	132.907

Rafbækur - notkun	2017	2016
Books@Ovid - title requests	598	733
Medicines Complete	5.428	1.161
RedBook (section requests)	49	39

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH	Notkun	Notkun
Notkun rafrænna tímarita		
	2017	2016
Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	899	976
ACP American college of Physicians (Annals of Internal Medicine)	594	(xx)
AMA American Medical Association (Jama + 8 titlar)	3.899	4.763
ASM American Society for Microbiology, 11 titlar	1.423	1.344
American Society of Neuroradiology (AJNR American Journal of Neuroradiology)	319	(xx)
American Society of Hematology (Blood)	1.418	(xx)
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	785	(xx)
BMJ Journals	6.298	6.274
Cambridge University Press	393	99
Cell tímaritin	1.577	493
Ebsco Host, rafræn tímarit**	3.205	4.810
Elsevier, séráskriftir og landsaðgangur (x)	60.422	27.963
Karger*	1.126	1.597
Lippincott Williams & Wilkins LWW	11.036	12.977
Mark Allen Group	294	122
MaryAnn Liebert	649	356
Nature (SpringerNature)	6.732	7.259
NEJM	9.747	8.993
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.669	1.360
Oxford University Press	8.119	9.185
ProQuest - rafræn tímarit**	5.131	5.978
Rockefeller University Press	193	(xx)
Sage publications	4.484	(xx)
Springer*	6.709	6.427
Taylor & Francis	3.238	2.608
Wiley	2.673	2.753
Wiley-Blackwell*	22.014	19.785
Samtals:	164.484	128.744
* Landsaðgangur, beint frá útgefanda		
** Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur		
(x) Árið 2016 er bara talin notkun séráskriftartímarita hjá Elsevier		
(xx) Tölur ófáanalegar 2016		